

AUGLÝSING

7

15. jan.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Vestmannaeyja,
nr. 116 22. ágúst 1949.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar skal heimilt að hækka gjöld samkvæmt I. kafla um allt að 30%, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

8

16. jan.

um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni.

1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni, sem greitt hefur verið samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949, verður endurgreitt úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað til bifreiða.

2. gr.

Innflutningsgjaldið endurgreiðist eftir á fyrir hvert almanaksár.

Þeir, sem hafa notað að minnsta kosti 250 lítra af benzíni á undanfögnu ári til annars en bifreiða, eiga rétt til endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni. Þeir, sem minna hafa notað, eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

Hver notandi um sig sækir um endurgreiðslu af því benzíni, er hann hefur sjálfur notað.

Endurgreiðslubeiðni skal stíluð til fjármálaráðuneytisins og undirrituð af notanda sjálfum og tilgreind staða hans og heimilisfang, götunafn í kaupstöðum. Skal í beiðninni standa, hve margir lítrar benzíns hafi á árinu verið notaðir til annars en bifreiða, til hverra nytja það hefur farið, og ef um notkun til fleira en eins er að ræða, hve mikið af benzíni hafi farið til hverrar um sig. Ef um er að ræða notkun til bifvélar, ber að tilgreina tegund hennar (verksmiðjunafn) og hestafl, svo og notkunartíma. Beiðnunum skulu, eftir því sem við á, fylgja þessi gögn:

1. Ef benzínið er keypt innanlands, kvittaður sölureikningur. Nú er sölureikningur ekki greiddur, og skal seljandi þá votta á reikninginn, að benzínið sé kaupanda selt og sé hans eign, en honum lánað söluverðið.
2. Ef notandi hefur flutt benzínið inn sjálfur, vottorð lögreglustjóra í því umdæmi þar sem inn er flutt, um það og greiðslu innflutningsgjalds af því.

- 8 3. Vottorð lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi þar sem benzínið hefur
16. jan. verið notað, um að notkunin hafi farið þar fram og hve langan tíma af endur-
greiðsluárinu, shr. 2. gr.
Ef vísitandi rangar skýrslur eru í endurgreiðslubeiðnum eða vottorðum, fer
um það eftir 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. gr.

Endurgreiðslubeiðnir má senda til fjármálaráðuneytisins. Utan Reykjavíkur
má og senda lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem umsækjandi býr, og afgreiðir
lögreglustjóri þær síðan til fjármálaráðuneytisins, en það sendir honum svo endur-
greiðsluna til útborgunar þeim, sem í hlut á.

Ef umsækjandi óskar eftir að endurgreiðslufjárhæðin sé hans vegna greidd
öðrum en honum sjálfum ber honum í endurgreiðslubeiðni sinni að tilgreina nafn
og heimili manns þess eða stofnunar, sem á að taka við endurgreiðslufjárhæðinni,
svo greinilega, að ekki verði um villt.

Erindi um endurgreiðslur á innflutningsgjaldi af benzíni fyrir undanfarið
endurgreiðsluár skulu vera komin til hlutaðeigandi lögreglustjóra fyrir 15. febrúar
ár hvert. Öll slík erindi skulu hafa borizt fjármálaráðuneytinu í síðasta lagi 15.
marz ár hvert.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 25. maí 1949 og öðlast þegar
gildi.

Fjármálaráðuneytið, 16. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kristján Thorlacius.

9

AUGLÝSING

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók,
nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

Síðasti málsliður c-liðs 29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fyrir fram auglýstri áætlun, greiði þó
lestagjald ekki oftár en einu sinni í mánuði hverjum.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem
hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1951.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.